

## Fyrirspurn

til umhverfisráðherra um mengunarmælingar í Skutulsfirði.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hver var niðurstaða jarðvegsmælinga í nágrenni sorpbrennslustöðvarinnar Funa í Skutulsfirði? Kom fram að mengun í jarðvegi hafi verið yfir leyfilegum mörkum?
2. Liggur fyrir að mengun sem þar mældist hafi verið úr Funa, eða kann hún að stafa af öðrum orsökum, eða er hægt að útiloka að svo sé?